



MANNVIT



SAMFÉLAGSÁBYRGÐ VEGAGERÐARINNAR

VERKEFNI STYRKT AF RANNSÓKNARSJÓÐI
VEGAGERÐARINNAR

SANDRA RÁN ÁSGRÍMSDÓTTIR

Efnisyfirlit

Samantekt	2
1. Inngangur	3
2. Samfélagsábyrgð fyrirtækja og stofnana	4
2.1 Alþjóðleg matskerfi.....	4
2.1.1 ISO Staðlar	4
2.1.1.1 ISO 14001	5
2.1.1.2 ISO 26000	5
2.1.2 Global Compact.....	6
2.1.3 Global Reporting Initiative (GRI)	7
2.2 Sambærilegar stofnanir á Norðurlöndum	9
3. Samfélagsábyrgð Vegagerðinnar	9
3.1 Hagsmunaaðilar	9
3.2 Ábyrgir stjórnhættir	10
3.3 Samfélag	10
3.3.1 Mannauður & mannréttindi.....	10
3.3.2 Samfélagsþátttaka	11
3.4 Umhverfi	11
4. Tillögur að næstu skrefum	12
4.1 Val á verkefni	12
4.1.1 Tillaga að stefnu um samfélagsábyrgð	13
4.2 Markmið & mælikvarðar	13
4.2.1 Tillaga að mælikvörðum	14
4.3 Skýrslugerð	15
4.3.1 Tillaga að framsetningu á samfélagsábyrgð fyrir ársskýrslu Vegagerðarinnar.	15
5. Niðurlag	16
Heimildaskrá	17
Viðauki A	A-1

Samantekt

Á síðustu árum hefur mikil vitundavakning átt sér stað á sviði samfélagsábyrgðar og algengt að hún sér orðin samþætt í starfsemi og stefnumótun hjá fyrirtækjum og stofnunum á alþjóðavettvangi. Töluverð vitundavakning hefur einnig verið að eiga sér stað hérlendis og sífellt fleiri fyrirtæki sem setja sér stefnu um samfélagsábyrgð. Vegagerðin hefur lagt áherslu á umhverfis og öryggismál undanfarin ár ásamt heiðarlegum vinnubrögðum en hefur þó ekki sett sér skýra stefnu eða markmið um samfélagsábyrgð.

Í skýrslunni er farið yfir mismunandi alþjóðaverkefni og viðmið á sviði samfélagsábyrgðar og almenn frammistaða Vegagerðarinnar á sviði samfélagsábyrgðar metin miðað við fyrirliggjandi gögn. Fram kemur að þegar mismunandi þættir samfélagsábyrgðar eru skoðaðir stendur Vegagerðarinnar sig hvað best í umhverfisábyrgð enda komin langt á leið við innleiðingu ISO 14001 staðalsins. Minni athygli hefur þá farið á mannauð stofnunarinnar og vinnuumhverfi miðað við niðurstöður verkefnisins.

Samfélagsábyrgð er mun víðtækara verkefni en umhverfisstjórnun en getur einnig auðveldað stjórnendum að fá betri heildarmynd af rekstrinum. Því er lagt til að Vegagerðin skapi sér framtíðarsýn á sviði samfélagsábyrgðar, hvernig hún vill stuðla að henni, setji sér stefnu og skilgreini markmið og mælikvarða. Birt eru drög að stefnu og tillögur að mælikvörðum sem geta auðveldað Vegagerðinni við að komast af stað í þessu verkefni.

1. Inngangur

Umhverfismál hafa verið í brennidepli í lengri tíma hérlendis og mikilvægi þess að fyrirtæki hugi að umhverfisáhrifum sínum. Á síðustu árum hefur þó hugtakið um sjálfbæra þróun færst sífellt í aukana og mikilvægi þess að fyrirtæki og stofnanir hugi einnig að áhrifum sínum á samfélagið. Sjálfbær þróun og samfélagsábyrgð eru ekki ólík hugtök. Samfélagsábyrgð fyrirtækja og stofnana byggir á því að einingar starfi af ábyrgum hætti og í sátt við umhverfi og samfélag. Það má því segja að umhverfisáhrif fyrirtækja og stofnana séu orðin innleidd í samfélagsábyrgð þeirra.

Á síðustu árum hefur mikil vitundavakning átt sér stað á þessu sviði og algengt að samfélagsábyrgð sé orðin samþætt inn í starfsemi og stefnumótun hjá fyrirtækjum og stofnunum á alþjóðavettvangi. Töluverð vitundavakning hefur einnig verið að eiga sér stað hérlendis og um árslok 2016 voru 88 íslensk fyrirtæki, félög og stofnanir aðilar að Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja [1].

Vegagerðin hefur unnið að því að innleiða ISO 14001 staðal fyrir umhverfisstjórnun undanfarin 20 ár en ekki farið út í það að fá vottun. Stofnunin vinnur einnig að innleiðingu gæða- og öryggisstjórnunarkerfa og leggur áherslu á heiðarleg og opin vinnubrögð. Öll þessi atriði falla undir samfélagsábyrgð í rekstri en Vegagerðin hefur þó ekki markað sér skýra stefnu á því sviði.

Í verkefninu eru skoðaðir ISO 14001 staðall fyrir umhverfisstjórnun og ISO 26000 staðall um samfélagsábyrgð út frá starfsemi stofnunarinnar auk þess sem að einnig er minnst á önnur verkefni á sviði samfélagsábyrgðar. Markmið verkefnisins er að Vegagerðin hafi skilning á hugmyndafræði um samfélagsábyrgð og geti markað sér skýra stefnu í þeim málum.

Höfundur skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þess fyrirtækis sem höfundur starfar hjá.

2. Samfélagsábyrgð fyrirtækja og stofnana

Samfélagsleg ábyrgð (Corporate Social Responsibility) byggir á því að fyrirtæki og stofnanir axli ábyrgð á rekstri sínum og starfsemi umfram lagalegar kröfur og þeim áhrifum sem það getur haft á samfélag, efnahagslíf og umhverfi. Hugtakið um samfélagsábyrgð er ekki nýtt af nálinni en á síðasta áratug, eða frá efnahagshruninu 2008 hefur áhersla aukist umtalsverst hérlendis. Umræðan hefur þá snúist frá því að samfélagsábyrgð snúist um útteilingu fjármuna til góðgerðasamtaka yfir í ábyrgan rekstur við sköpun arðs [2].

Það hvernig fyrirtæki og stofnanir nálgast samfélagsábyrgð getur byggt á t.d. eðli starfseminnar, menningu og hefðum. Huga þarf að hagsmunaaðilum og verður hvert fyrirtæki eða stofnun því að fara í ákveðna sjálfskoðun til að finna sinn takt. Með rétttri nálgun getur markmiðasetning og stefnumótun í samfélagsábyrgð samræmst hagsmunum, heildarstefnumótun og eftir trúverðugleika. Jafnframt eru fjölmörg dæmi að kortlagning og stefnumótun í samfélagsábyrgð hafi dregið úr áhættu, aukið hagkvæmni og ýtt undir nýsköpun í rekstri.

2.1 Alþjóðleg matskerfi

Alþjóðleg kerfi auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að fá óháð mat á frammistöðu sinni á hinum ýmsu sviðum. Misjafnt er eftir matskerfum hvort að úttekt þarf frá þriðja aðila eða hvort að nóg sé að skila inn skýrslu til matsaðila til þess að sýna fram á frammistöðu. Hvort sem er þá er markmið kerfanna að stuðla að stöðugri umbótavinnu hjá þátttakendum á því sviði sem er verið að meta.

ISO gæðastjórnunarstaðlar eru með þekktari vottunarstöðlum hérlendis en ISO hefur gefið út staðla fyrir bæði umhverfisstjórnun og samfélagsábyrgð. Auk ISO alþjóðlegra vottunarkerfa er til fjöldi alþjóðlegra matskerfa sem skoða frammistöðu fyrirtækis eða stofnana á sviði umhverfismála eða votta framleiðslu. Tún vottun¹ og Svanurinn² eru sem dæmi afurðavottanir sem gjarnan eru notaðar hérlendis. Þá eru einnig alþjóðleg samtök sem meta frammistöðu fyrirtækja á sviði samfélagsábyrgðar. Þar bera helst að nefna Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna og GRI (Global Reporting Initiative).

Mikilvægt er að taka fram að ein vottun stendur sjaldnast í vegi fyrir því að hægt sé að sækja aðra vottun og oftast en ekki spila þær saman og styðja hvor aðra.

2.1.1 ISO Staðlar

Gæðastjórnun hjá fyrirtækjum er vel þekkt og mörg fyrirtæki sem nýta sér alþjóðleg vottunarkerfi. Þó til sé fjöldi innlendra og erlendra vottunarkerfa er ISO kerfið eitt það þekktasta í heiminum þegar kemur að stjórnunarkerfum. ISO var stofnað árið 1946 í London þar sem fulltrúar 25 landa komu saman. Í dag eru 163 lönd meðlimir að kerfinu og 786 fagfélög sem hafa umsjón með stöðlum félagsins [3].

Stjórnunarstaðlar ISO eru hannaðir til að falla að fjölbreyttum rekstri og gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að vera í sífelldri umbótavinnu. Hversu flóknar kröfur þarf að uppfylla til þess að hljóta vottun fer eftir tegund reksturs og getur verið frá skýrri stjórnun og markmiðum yfir í það að þurfa að sýna fram á víðtækari skjalasöfnun og eftirlit þar sem kröfur eru á að fyrirtæki uppfylli ákveðnar lagalegar skyldur í sínum rekstri [4]. ISO hefur gefið út m.a. staðal fyrir umhverfisstjórnun fyrirtækja sem fjöldi íslenskra fyrirtækja hafa nú fengið vottun samkvæmt. Einnig er til ISO staðall fyrir samfélagsábyrgð fyrirtækja, hann er þó ekki vottunarhæfur.

¹ <https://www.tun.is/>

² <https://www.ust.is/default.aspx?pageid=a19dcf9a-dfa3-45fe-a611-0458a3cc0567>

2.1.1.1 ISO 14001

ISO staðlar í 14000 röðinni hafa það markmið að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að stýra umhverfisáhrifum sínum. ISO 14001 staðallinn leggur áherslu á umhverfisstjórn fyrirtækja eða stofnana í heild sinni meðan að aðrir staðlar í röðinni snúast um sértækar nálganir, s.s. lífsferilsgreiningar, samskipti og úttektir.

ISO 14001 staðallinn fléttast vel saman við aðra ISO stjórnunarstaðla, s.s. 9001 staðal fyrir gæðastjórnun og ISO 45001 staðal fyrir heilsu og vinnuvernd og því er það ekki fyrirstaða fyrir fyrirtæki/stofnanir að fá fleiri en eina vottun. Staðallinn fellur að rekstri fyrirtækja og stofnana af öllum stærðargráðum hvort sem þau eru í einkarekstri, opinberum rekstri eða frjáls félagasamtök.

Staðallinn setur fram aðferðafræði sem aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að skilgreina, mæla og stýra umhverfisáhrifum sínum á heildrænan hátt. Rekstraraðilum er gert að bera kennsl á í víðu samhengi þau umhverfisáhrif í sem að rekstur þeirra hefur. Lögð er áhersla á áhættustýringu og stöðugar umbætur á umhverfisstjórnkerfinu og hvernig umhverfisþættir eru skoðaðir [5].

Fyrirtæki geta fengið ISO 14001 vottun með úttekt frá þriðja aðila. Hérlandis eru það Vottun hf³ og BSI á Íslandi⁴ sem hafa leyfi til að gera úttektir á ISO stöðlum og veita vottun. Kostnaður við vottun fer eftir stærð fyrirtækis eða stofnunar, fjölbreytni starfseminnar og hversu dreifð hún er.

Vegagerðin fékk vorið 2014 tilboð frá bæði BSI á Íslandi og Vottun hf. á úttekt og vottunarferli á umhverfisstjórnkerfi stofnunarinnar.

2.1.1.2 ISO 26000

ISO 26000 staðallinn er alþjóðlegur staðall fyrir samfélagsábyrgð fyrirtækja. Staðallinn nýtist sem verkfæri fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja innleiða samfélagsábyrgð en ekki er veitt eiginleg vottun samkvæmt staðlinum. Staðallinn var unnin með samvinnu aðila frá ólíkum menningarsvæðum og fellur að öllum tegundum fyrirtækja og stofnana hvar sem þau eru staðsett í heiminum [6].


Staðallinn byggir á eftirfarandi 7 málaflokkum sem fyrirtæki eða stofnun skal kortleggja og skilgreina í sínum rekstri:

- Stjórnunarhætti
- Sanngjarna viðskiptahætti
- Stafsumhverfi og vinnuvernd
- Mannréttindi og minnihlutahópa
- Umhverfismál
- Neytendamál
- Samfélagsþátttöku og þróun

Staðallinn setur fram útskýringu á hverjum málaflokki fyrir sig, tengingu við samfélagsábyrgð og viðmið sem ætti að hafa í huga. Þá eru settar fram hugmyndir að aðgerðum sem fyrirtæki eða stofnanir geta farið í til þess að ganga um skugga um að þessi atriði samfélagsábyrgðar séu uppfyllt í rekstri. Meðfylgjandi er Mynd 1 sem sýnir framsetningu staðalsins og megin áherslur.

³ <http://www.vottunhf.is>

⁴ <http://www.bsiaislandi.is>



Mynd 1. Útskýringarmynd fyrir ISO 26000

2.1.2 Global Compact

Global Compact er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Verkefnið var sett af stað árið 2000 og er í dag eitt öflugasta framtak í heiminum á sviði samfélagsábyrgðar og sjálfbærni. Alls hafa 12.000 aðilar skrifað undir sáttmálann í 168 löndum og þar af 20 aðilar hérlendis [7].

Sáttmálinn byggir á því að fyrirtæki og stofnanir skuldbindi sig til að starfa eftir 10 viðmiðum um samfélagsábyrgð sem skiptast í fjóra flokka, þ.e. mannréttindi, vinnumarkað, umhverfi og að vinna gegn spillingu. Sameinuðu þjóðarnar hafa lagt mikinn metnað í það að gera verkefnið aðgengilegt öllum og eru góðar leiðbeiningar að finna á heimasíðu verkefnisins.

Verkefnið er ekki eiginleg vottun en til þess að geta verið aðili þurfa fyrirtæki að sýna fram á árangur sinn á sviði samfélagsábyrgðar og skila skýrslu til Sameinuðu þjóðanna. Þátttakendum er frjálst að setja skýrsluna upp á sinn eigin hátt svo lengi sem ákveðin atriði séu uppfyllt. Það er a) bréf frá forstjóra eða hæstráðandi um áframhaldandi stuðning við verkefnið, b) yfirlit yfir aðgerðir sem farið hefur verið í til þess að innleiða eða fylgja eftir viðmiðunum tíu og c) mælanlegar niðurstöður [8]. Þátttakendur í verkefninu geta annað hvort skilgreint sig sem virka eða framúrskarandi þátttakendur. Til þess að vera virkur þátttakandi þarf að uppfylla öll grunnskilyrðin sem talin eru upp hér að ofan en framúrskarandi þátttakendur þurfa að uppfylla auknar kröfur sem snúa að framúrskarandi árangri við innleiðingu viðmiða og tengingu þeirra við sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þá geta nýir þátttakendur skilað inn svokallaðri lærlingsskýrslu þar sem að ekki allar kröfur fást uppfylltar. Sé ekki skilað inn árangursskýrslu eru fyrirtæki fjarlægð úr verkefninu.

Kostnaður við þátttöku er enginn en óskað er eftir framlögum í samhengi við rekstrartekjur fyrirtækja. Frá og með 2018 verður þó smá breyting á verkefninu þar sem því er skipt í tvennt og aðilar skilgreindir

annað hvort sem þátttakendur eða undirritendur⁵. Þátttakendur verða beðnir um hærri árlegar greiðslur en undirritendur.

Tafla 1. 10 viðmið Global Compact


Mannréttindi
Viðmið 1: Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.
Viðmið 2: Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.
Vinumarkaður
Viðmið 3: Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.
Viðmið 4: Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.
Viðmið 5: Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.
Viðmið 6: Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.
Umhverfi
Viðmið 7: Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum.
Viðmið 8: Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.
Viðmið 9: Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfissvænni tækni.
Gegn spillingu
Viðmið 10: Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

2.1.3 Global Reporting Initiative (GRI)

GRI er alþjóðlegur staðall sjálfbærnisvísar sem aðstoðar fyrirtæki, stofnanir og önnur félög að skilja og miðla upplýsingum um frammistöðu sína á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. GRI var stofnað árið 1990 sem alþjóðlegt óháð félag með þá framtíðarsýn að sjálfbærni verði hluti að allri ákvörðunartöku fyrirtækja og stofnana [9]. Fram til ársins 2016 var unnið eftir svokölluðum GRI leiðbeiningum sem GRI staðallinn leysti síðan af hólmi. Litlar breytingar eru á milli staðalsins og leiðbeininganna annað en það að endurskoðun hjá GRI er nú orðin auðveldari [10].

GRI staðallinn er töluvert flóknari en Global Compact og ISO 26000 þar sem hann gerir kröfu um að fyrirtæki skili inn skýrslu og sýni fram á árangur sinn með sérstöku sniði sem félagið leggur til. Á þennan hátt geta fyrirtæki og stofnanir birt frammistöðu sína á sviði samfélagsábyrgðar á gagnsæjan hátt og borið saman við árangur annarra á trúverðugan hátt. Í GRI staðlinum eru settir fram sjálfbærnisvísar og tilgreint hvernig skuli mæla hvern vísi. Þátttakendum stendur til boða að velja hversu margir sjálfbærnisvísar eru notaðir til skýrslugerðar en alltaf þarf að uppfylla ákveðinn grunnfjölda. Ef litið er á Mynd 2 þá eru vísar með númerinu 100 skylda en hægt er að velja úr hinum. Skýrslur eru síðan flokkaðar í A, B eða C eftir því hvað er gerð grein fyrir mörgum vísam. Höfundar skýrslu tilgreina sjálfir undir hvaða flokk skýrslan fellur. Til þess að skýrsla fari í A flokk þarf að gera grein fyrir öllum sjálfbærnisvísam sem tengjast rekstrinum.

⁵ https://www.unglobalcompact.org/docs/publications/2018_Toolbox.pdf



Mynd 2. Sjálfbærnisvísar GRI

Kostnaður við að skila inn GRI skýrslu er háð rekstrarformi og stærð þess fyrirtækis eða stofnunar sem skilar inn skýrslunni ásamt því hvaða þjónusta frá GRI er nýtt við skýrslugerðina. Eins er hægt að gerast gullmeðlimur fyrir ákveðið árgjald og fá þannig aðgang að upplýsingum og tengiliðum[11].

Í skýrslu Alþingis um eflingu græns hagkerfis var lagt til að allar stofnanir ráðuneyta og öll fyrirtæki í eigu ríkisins myndu birta ársskýrslur í samræmi við leiðbeiningar GRI en í dag er ÁTVR eina fyrirtækið sem hefur skilað inn skýrslu í samræmi í samræmi við staðalinn samkvæmt gagnabanka GRI [12].

Málaflokkar GRI eru efnahagur, umhverfismál og samfélag en hver flokkur hefur síðan tiltekin atriði sem eru metin líkt og sýnt er á Mynd 3.

Flokkur	Efnahagur	Umhverfismál		
Þættir	<ul style="list-style-type: none"> • Rekstrarárangur • Áhrif á markaðssvæði • Óbeinir rekstrarþættir • Innkaupavenjur 	<ul style="list-style-type: none"> • Efnisnotkun • Orkunotkun • Mengun • Áhrif vöru og þjónustu • Vatnsnotkun • Flutningar 		
Flokkur	Samfélag			
Þættir	Mannauður <ul style="list-style-type: none"> • Fjöldi stm • Samskipti við stéttarfélög • Vinnuvernd • Þjálfun • Margbreytileiki • Jöfn tækifæri • Jöfn laun kynja 	Mannréttindi <ul style="list-style-type: none"> • Félagafrelsi • Öryggi • Barnaþrælkun • Innkaup frá birgjum • Réttindi frumbyggja 	Samfélag <ul style="list-style-type: none"> • Nærsamfélög • Gegn spillingu • Samkeppnishæðun • Löghlýðni • Samfélagsþátttaka 	Ábyrgar vörur <ul style="list-style-type: none"> • Heilsa og öryggi viðskiptavina • Vörumerkingar • Markaðsmál • Upplýsingagjöf • Persónuvernd

Mynd 3. Málaflokkar GRI (Frá Festu)

2.2 Sambærilegar stofnanir á Norðurlöndum

Vegagerðin er hluti af Norræna vegasambandinu (NVF) ásamt öðrum norrænum samgöngustofnunum þar sem skipst er á þekkingu á öllu því er kemur að vegagerð. Innan þess starfa 16 nefndir og er loftslags- og umhverfisnefnd ein þeirra en hún hefur það hlutverk að vinna að áskorunum sem varða [13]:

- Losun gróðurhúsalofttegunda
- Minni mengun
- Vegi og náttúru
- Sjálfbær flutningskerfi til framtíðar

Mikil áhersla er því lögð á umhverfismál innan Norræna vegasambandsins og þó að samfélagsábyrgð sé hvergi nefnd beint þá kemur sjálfbær þróun víða fyrir sem tekur á samfélaglegum, efnahagslegum og umhverfislegum þáttum.

Vegagerðir hinna Norðurlandanna leggja mismunandi áherslu á umhverfismál og samfélagsábyrgð þar sem hver fer sína leið.

Finnska vegagerðin, Liikennevirasto, skilar inn GRI skýrslu og er með stefnu um sjálfbærni [14]. Þar er lögð mikil áhersla á öryggis- og samfélagsmál en einnig sjálfbæra innviði og framkvæmdir.

Vegvesenet í Noregi og Trafikverket í Svíþjóð leggja einnig áherslu á öryggis- og umhverfismál og byggja örugga, sjálfbæra og hagkvæma innviði. Minnst er á umhverfis-, efnahags- og félagslega sjálfbærni í verkum en stofnanirnar eru ekki aðilar að Global Compact né skila inn GRI skýrslu.[15][16]

Stofnanir Dana og Færeyinga gefa hvað minnst upp um þessi mál.

3. Samfélagsábyrgð Vegagerðinnar

Vegagerðin hefur í gegnum tíðina unnið umfangsmikið starf á sviði umhverfis- og samfélagsmála. Ekki hefur verið sérstök áhersla á samfélagsábyrgð en stefnt hefur verið að því í fleiri ár að innleiða umhverfisstjórnun til samræmis við kröfur ISO 14001. Líkt og minnst hefur verið á falla umhverfismál undir samfélags- og sjálfbærnihattinn. Því verður gerð greining í þessum kafla á frammistöðu Vegagerðarinnar á sviði samfélagsábyrgðar og helstu áskoranir.

Í starfsemi sinni þarf Vegagerðinn að hlíta kröfum sem um starfsemi hennar gilda samkvæmt íslenskrí löggjöf. Vegagerðin heldur nú þegar utan um þessi viðmið og verða lagalegar kröfur því ekki skoðaðar.

3.1 Hagsmunaaðilar

Undirstöðuatriði samfélagsábyrgðar er að fyrirtæki og stofnanir séu hluti af samfélaginu og farsæll rekstur byggist á fjölbreyttum samböndum við aðila í samfélaginu. Hagsmunaaðilar fyrirtækja og stofnana eru því allir þeir aðilar í samfélaginu sem verða fyrir áhrifum vegna aðgerða þeirra, hvort sem áhrifin eru góð eða slæm. Gott samráð við hagsmunaaðila er mikilvægt til þess að fá endurgjöf varðandi frammistöðu á sviði samfélagsábyrgðar en einnig til þess að geta miðlað upplýsingum varðandi áherslubreytingar og annað tengt rekstri. Gott samráðsferli getur dregið úr áhættu, þar sem kennsl eru borin á hættumerki snemma í verkefnum, en einnig aukið hugmyndaflæði og stuðlað að nýsköpun og þróun.

Vegna innleiðingar umhverfisstjórnunar skv. ISO 14001:2015 vinnur Vegagerðin að hagsmunaaðilagreiningu þar sem stjórnendur og starfsfólk, ráðuneyti og stofnanir, náttúruverndarsamtök, verktakar, ráðgjafar, birgjar og vegfarendur hafa verið skilgreindir sem helstu hagsmunaaðilar stofnunarinnar.

3.2 Ábyrgir stjórnhættir

Vegagerðin er ríkisstofnun og því eru ábyrgir og gagnsæir stjórnunarhættir hluti af rekstri stofnunarinnar. Auk þessa er gerð krafa um að grunngildi fyrirtækja eða stofnana byggji á samfélagslegri ábyrgð og séu höfð í huga við alla ákvarðanatöku. Sér kafli er í GRI staðlinum þar sem hugað er að efnahagslegum atriðum, vísar sem falla undir 200, og Global Compact viðmið númer 10 gerir kröfu um að fyrirtæki og stofnanir vinnu gegn spillingu. Atriði sem gjarnan er nefnt að heyrir þar undir eru meðal annars;

- Að fyrirtæki / stofnun axli ábyrgð á verkum sínum
- Gagnsæi
- Siðareglur
- Hugað sé að hagsmunaaðilum
- Lög og reglur uppfyllt

Vegagerðin hefur sett sér siðareglur sem taka á þessum atriðum en þær voru upphaflega settar til þess að efla fagleg vinnubrögð og endurspeglar þær grunngildi í störfum Vegagerðarinnar sem eru heilindi, óhlutdrægni og skilvirkni [17].

Starfsfólki Vegagerðarinnar ber að hafa í heiðri siðareglur stofnunarinnar í sínum störfum og er það á ábyrgð stjórnenda að starfsfólk sé upplýst um siðareglur.

3.3 Samfélag

Segja má að samfélagið sé í raun stærsti hagsmunaaðili Vegagerðarinnar þar sem við erum öll vegfarendur á einhverjum tímapunkti og innviðir Vegagerðarinnar eru því notaðir af öllu samfélaginu. Heill kafli í GRI viðmiðunum tekur á félagslegum málum, vísar undir 400, og viðmið 1-6 í Global Compact gera slíkt hið sama.

3.3.1 Mannauður & mannréttindi

Mannréttindi eru skilgreind sem þau réttindi sem að allir menn hafa óháð staðbundnum kringumstæðum eða persónueinkennum. Mannréttindi skulu vera alþjóðleg og eiga við alla menningarhópa. Stór hluti samfélagsábyrgðar er að fyrirtæki sýni fram á að þau virði mannréttindi í sínu starfi, hafni nauðungarvinnu og starfsfólk fái jöfn tækifæri.

Meðal þess sem Global Compact nefnir í þessum kafla er að fyrirtæki skuli sýna fram á stuðning við alþjóðleg mannréttindi og fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um brot á mannréttindum. Vegagerðin tekur á mörgum atriðum er varða þessi mál í siðareglum stofnunarinnar sem og mannauðsstefnu Vegagerðarinnar. Þá liggja fyrir ný drög hjá Vegagerðinni um leiðbeiningar og reglur við gerð útboðslýsinga þar sem lögð er áhersla á að verktaki skuli tryggja og bera ábyrg á að allir starfsmenn fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

Ennfremur er lögð áhersla á að starfsfólk fái jöfn tækifæri, hljóti viðeigandi þjálfun í starfi og möguleika til endurmenntunar ásamt því að samskipti við stéttarfélag séu í góðum farvegi. Á þessu er tekið í mannauðsstefnu Vegagerðarinnar sem og jafnréttisáætlun stofnunarinnar. Í jafnréttisáætlun eru skilgreind markmið sem jafnréttisfulltrúi skal fylgjast með að unnið sé út frá.

Öryggi og vinnuvernd falla einnig undir þennan flokk en öryggismál eru stór þáttur í starfsemi Vegagerðarinnar. Stofnunin starfar eftir öryggisstefnu, sem er stefna um öryggi starfsmanna og upplýsingaöryggi, og stefnu í umferðaröryggismálum.

Það er ljóst að Vegagerðin hugar að öllum atriðum er falla undir mannauð og mannréttindi en næsta skref til aukinnar samfélagsábyrgðar væri að skilgreina markmið og mælikvarða fyrir þessi mál til þess að geta sýnt fram á árangur í málaflokknum.

3.3.2 Samfélagsþátttaka

Öll fyrirtæki og stofnanir eru hagsmunaaðilar þeirra samfélaga sem unnið er í þar sem þau t.d. treysta á samfélagið varðandi starfsfólk og uppbyggingu. Þá geta fyrirtæki og stofnanir einnig haft mótandi áhrif á samfélagið og tekið þátt í að stuðla að sjálfbærni þess.

Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og annast samgöngukerfi landsins á sem hagkvæmasta hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Til þess að geta uppfyllt þetta hlutverk sitt hefur Vegagerðin ávallt lagt mikla áherslu á rannsókn- og þróunarstarf. Árlega er auglýst eftir umsóknum um styrki til rannsókn- og þróunarverkefna ásamt því sem Vegagerðin tekur þátt í margvíslegu erlendu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar. Árið 2016 voru veittir styrkir til 7 verkefna er sneru beint að samfélaginu en 13 árið 2015[18]. Dæmi um rannsóknarverkefni á sviði samfélagsmála sem hafa verið styrkt eru t.d.:

- Algild hönnun umferðarmannvirkja - samanburður á norrænum hönnunarreglum
- Aðgengi fólks með fötlun að almenningsamgöngum á landi - staða mála og mögulegar úrbætur
- Skráning vegminja
- Samfélagsleg áhrif Vaðlaheiðarganga, viðtalsrannsóknir - staðan fyrir göng
- Umferðaröryggi erlendra ferðamanna á Íslandi

Vegagerðin hefur sett sér rannsóknarstefnu þar sem markmið rannsóknarsjóðs eru tilgreind sem meðal annars það að stuðla að nýliðun innan fagsviða stofnunarinnar og samstarfi við háskólastofnanir. Vegagerðin leggur áherslu á þekkingarmiðlun og bíður háskólanemum reglulega í vísindaferðir ásamt því að hafa styrkt og leiðbeint í meistaraþráttum. Þá hafa einnig verið haldin opin námskeið í m.a. merkingu vinnusvæða og námskeið um uppgræðslu vegsvæða með staðargróðri.

Helsta þátttaka Vegagerðarinnar í samfélaginu er í gegnum rannsóknir og þekkingarmiðlun. Rannsóknarstefna hefur verið sett en engin stefna er um samfélagsþáttöku eða stuðning við það samfélags sem starfað er í. Þá eru heldur engir mælikvarðar með markmiðum rannsóknarsjóðs.

3.4 Umhverfi

Náttúran er skilyrði þess að samfélag geti þrífist og efnahagur blómstrað. Okkur ber því skylda til að virða umhverfið, nýta auðlindir á sjálfbæran hátt og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og kostur er. GRI vísar undir 300 númerum vísa allir í umhverfisframmistöðu fyrirtækja. Þá gera viðmið Global Compact númer 7, 8 og 9 einnig kröfur um ákveðna umhverfisvitund þátttakenda í verkefninu.

Vegagerðin einsetur sér að vera framsýn í umhverfismálum og starfa af fagmennsku. Stofnunin setti sýna fyrstu umhverfisstefnu árið 1997 og hóf þá strax vinnu við að innleiða ISO 14001. Fyrsta umhverfisskýrslan var gefin út 1998 og frá þessum tíma hefur Vegagerðin verið í stöðugri umbóta- og framþróunarvinnu á sviði umhverfismála. Vegagerðin er nú komin vel á veg í innleiðingu ISO 14001 (sjá viðauka A) og leggur mikla áherslu á að vera framúrskarandi í umhverfismálum.

Árlega er birt umhverfisskýrsla þar sem markmið og mælikvarðar eru birt ásamt því að rannsóknarverkefni á sviði umhverfismála fá árlega styrk úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Dæmi um rannsóknarverkefni sem hafa verið styrkt á sviði umhverfismála undanfarin ár eru m.a.:

- Uppruni svifryks í Reykjavík

- Þrjú verkefni á sviði vistferilsgreininga fyrir veg og brýr
- Umhverfisvitund starfsmanna stofnana og fyrirtækja, mæling og þróun
- Vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum
- Botndýrasamfélög utan og innan þverunar í Dýrafirði

Frá 2015 hefur Vegagerðin tekið þátt í verkefninu *Græn skref í ríkisrekstri* og því verið að ganga enn lengra en áður þegar kemur að umhverfisvitund starfsfólks. Tveir rafmagnsbílar hafa verið keyptir af stofnuninni, einn tvinnbíll og ein rafmagnsvespa ásamt því sem að settar hafa verið upp hraðhleðslustöðvar.

Miðað við hversu langt Vegagerðin er komin í innleiðingu ISO 14001 er nánast hægt að fullyrða að hún uppfylli allar kröfur samfélagsábyrgðar er snerta umhverfismál.

4. Tillögur að næstu skrefum

Vegagerðin er komin langt á veg í innleiðingu ISO 14001 líkt og sýnt er í viðauka A. Sá gátlisti er í samræmi við ISO 14001:2004 en gefinn hefur verið út nýr staðall, ISO 14001:2015. Helstu breytingar sem orðið hafa á staðlinum er aukinn áhersla á lífsferilsnálgun á rekstri og aukin aðkoma stjórnenda. Kröfur ISO14001 ríma vel við áherslur samfélagsábyrgðar líkt og komið hefur verið inn á. Samfélagsábyrgð er hinsvegar mun víðtækara verkefni en umhverfisstjórnun þar sem einnig er tekið á efnahagslegum og samfélagslegum þáttum. Vinna á sviði samfélagsábyrgðar krefst því aðkomu fleiri aðila en umhverfisstjórnunin.

Líkt og komið hefur fram er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að Vegagerðin innleiði ISO 14001 og vinni einnig eftir metnaðarfullri stefnu um samfélagsábyrgð. Landsvirkjun er sem dæmi með vottað umhverfisstjórnkerfi og skilar samfélagsskýrslum inn til Global Compact en ÁTVR að leggur áherslu á samfélagsábyrgðina og skilar inn samfélagsskýrslu samkvæmt GRI en tekur líka þátt í grænum skrefum í ríkisrekstri. Því verður unnið út frá því í þessum tillögum að annað útiloki ekki hitt.

4.1 Val á verkefni

Skrefið í átt að bættri umhverfisegðun er oftast það fyrsta sem fyrirtæki og stofnanir taka þegar hugurinn fer að beinast að aukinni samfélagslegri ábyrgð. Vegagerðin er til fyrirmyndar hvað varðar umhverfisábyrgð, er þátttakandi í grænum skrefum og lítið við að bæta annað en að fá vottun samkvæmt ISO 14001. Hvað varðar eiginlega samfélagsábyrgð þá hefur hún lítið verið skoðuð innan Vegagerðarinnar. Ekki er til stefna um samfélagsábyrgð og engin markmið hvað varðar samfélagslega eða efnahagslega þætti. Því er lagt til að það verkefni verði fyrir valinu innan stofnunarinnar að skoða samfélagsáhrif hennar.

Ekki þarf að sigrá heiminn í fyrstu tilraun. Mörg töl eru í boði við vinnuna og ráðgjafar sem aðstoða fyrirtæki og stofnanir í þessari vinnu. Lagt er til að fyrsta skref Vegagerðarinnar verði að gerast aðili að Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð. Festa býður upp á fjölbreytt námskeið og tengslafundi þar sem aðilar Festu deila reynslusögum af sínum verkefnum á sviði samfélagsábyrgðar og ræða saman um mismunandi þætti samfélagsábyrgðar.

Sé valið að leggja áherslu á samfélagsábyrgð er mikilvægt að mynduð sé framtíðarsýn fyrir stofnunina á því sviði, mörkuð stefna og sett markmið til að geta stuðlað að stöðugum framförum.

4.1.1 Tillaga að stefnu um samfélagsábyrgð

Hér eru birt drög að stefnu um samfélagsábyrgð fyrir Vegagerðina með atriðum sem höfundur telur að ættu að koma fram í slíkri stefnu. Stjórnendur Vegagerðarinnar gætu talið að önnur atriði en hér koma fram gætu skipt meira máli. Þessi drög eru því birt til þess að gefa hugmynd um hvernig slík stefna gæti litið út.

Vegagerðin leggur áherslu á samfélagsábyrgð í sínum verkefnum og að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi.

- *Vegagerðin virðir alþjóðleg mannréttindi, hafnar barnaþrælkun og styður við afnám misréttis til vinnu og starfsvals.*
- *Vegagerðin leggur áherslu á að vinna verkefni í góðu samstarfi við nærsamfélagið.*
- *Vegagerðin er í góðum samskiptum við skilgreinda hagsmunaaðila stofnunarinnar og gefur árlega út samfélagsskýrslu með ársskýrslu.*
- *Vegagerðin leitast við að leyfa umhverfinu að njóta vafans í verkefnum og hefur frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.*
- *Vegagerðin telur mikilvægt að styðja vel við rannsóknarsamfélagið á Íslandi, aflað sé nýrrar þekkingar og henni miðlað innan sem utan Vegagerðarinnar.*
- *Vegagerðin stundar ábyrga stjórnhætti og hafnar hversskyns spillingu.*

4.2 Markmið & mælikvarðar

Lykilatriði í því að hægt sé að stuðla að stöðugum framförum er að markmið séu fyrirfram skilgreind og mælikvarðar fyrir þau séu mælanlegir. Með reglulegum mælingum væri því hægt að fylgjast með hvort að árangur náist eða ekki.

Fjöldi verkefna eru í boði til að aðstoða við markmiðasetningu líkt og komið hefur verið inn á hér að framan. En líkt og einnig hefur komið fram er óþarfi að ætla að ná utan um allt strax frá byrjun. Mikilvægast er að byrja og vinna síðan að stöðugum umbótum.

Til að ákvarða hvaða þættir samfélagsábyrgðar væri mikilvægast fyrir Vegagerðina að leggja áherslu á mætti framkvæma áhættumat á rekstri stofnunarinnar og skilgreina markmið út frá niðurstöðum þess. Fjöldmörg töl eru í boði sem geta aðstoðað við skilgreiningu mælikvarða þegar komið er í ljós hvað atriði eru þýðingarmest.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru góð viðmið sem voru sett fram með það markmið að stórar jafnt sem smáar einingar fyrirtækja, stofnana og þjóðríkja geti nýtt sér þau í markmiðasetningum og umbótum á sviði sjálfbærrar þróunar. Fyrirtæki og stofnanir hérlendis hafa nú þegar byrjað að flétta þessi markmið inn í sína samfélagsábyrgð, þar á meðal Mannvit og Landsvirkjun. Hægt er að nýta sér annað hvort öll markmið sem falla að rekstrinum eða einblína á færri markmið og draga þau betur fram. Vegagerðin gæti t.d. valið sér heimsmarkmið númer 9, 11 og 13 sem falla beint að rekstri og tilgangi stofnunarinnar en þau eru;

- Markmið 9: Iðnaður, nýsköpun og innviðir
- Markmið 11: Sjálfbærar borgir og samfélög
- Markmið 13: Aðgerðir í loftslagsmálum

Hugsanlegt væri að horfa einnig til annarra markmiða, eins og t.d. markmiðs númer 5 sem snýr að jafnrétti kynjanna. Global Compact og GRI hafa sameinað krafta sína og birt skýrslu þar sem birtar eru tillögur að mælikvörðum fyrir öll heimsmarkmiðin og undirmarkmið þeirra. Þessi skýrsla auðveldar

fyrirtækjum og stofnunum að finna mælikvarða þegar búið er að ákveða hvaða heimsmarkmið skuli leggja áherslu á.

4.2.1 Tillaga að mælikvörðum

Út frá þeim markmiðum Sameinuðu þjóðanna sem eru nefnd hér að ofan, ásamt atriðum sem dregin voru fram í kafla 3.2 og 3.3., eru lagðir til mælikvarðar í töflu 2 sem Vegagerðin getur haft til hliðsjónar við setningu markmiða. Athuga ber að nú þegar eru þýðingarmiklir umhverfisþættir stofnunarinnar vaktaðir og þeir því ekki skoðaðir sérstaklega. Taka ber fram að þetta eru aðeins tillögur höfundar sem taldar eru upp í meðfylgjandi töflu en fjölda annarra mælikvarða væri einnig hægt að nota til þess að meta frammistöðu Vegagerðarinnar á sviði samfélagsábyrgðar.

Sé stefna tekin á að birta upplýsingar í samræmi við GRI staðalinn þarf einnig að birta upplýsingar um alla 100 vísa sem snúa að stofnuninni (sjá nánar í kafla 2.1.3).

Tafla 2. Tillögur að mælikvörðum fyrir Vegagerðina til að meta frammistöðu á sviði samfélagsábyrgðar

Mælikvarðar fyrir samfélagslega þætti	GRI vísir	Heims markmið	Global Compact
Hlutfall starfsmanna sem fær starfsþróunarviðtal	GRI 404-3	5, 8	6
Meðalfjöldi klst. sem hver starfsmaður eyðir í þjálfun eða endurmenntun	GRI 404-1	5, 8	6
Hlutfall milli meðallauna karla og kvenna	GRI 405-2	5, 8	6
Hlutfall/fjöldi birgja sem hafa verið rýndir með tilliti til samfélagsábyrgðar	GRI 414-1 /414-2	8	2
Aðgerðir til að koma í veg fyrir barnaþrælkun	GRI 408-1	8	5
Aðgerðir til að koma í veg fyrir mannréttindabrot í starfi	GRI 409-1	8	1,2,4
Hlutfall starfsmanna sem stéttarfélög semja um laun fyrir	GRI 102-41	8	3
Aðgerðir til þess að styðja við félagafrelsi starfsfólks	GRI 407-1	8	3
Mælikvarðar fyrir efnahagslega þætti	GRI vísir	Heims markmið	Global Compact
Þátttaka í innviðaupbyggingu (fjöldi/fjármagn)	GRI 203-1	9,11	
Áætluð fjárhagsleg áhrif loftslagsbreytinga á rekstur	GRI 201-2	13	
Styrkir til rannsókna og þróunar		9	9
Mælikvarðar fyrir umhverfisþætti	GRI vísir	Heims markmið	Global Compact
Losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi	GRI 305	12,13	7,8
Hlutfall flokkaðs úrgangs	GRI 301-2	12	8
Hlutfall starfsfólks sem ferðast með vistvænum hætti til og frá vinnu		11	8
Eldsneytisnotkun í rekstri stofnunar		13	8

4.3 Skýrslugerð

Samkvæmt nýjum lögum um ársreikninga, grein 66.d), þurfa nú öll stærri fyrirtæki á Íslandi að skila inn ófjárhagslegum upplýsingum með ársreikningum sínum, eða samfélagsskýrslu⁶, sbr eftirfarandi texta úr lögnum.

„Félag sem fellur undir 9. tölul. og d-lið 11. tölul. 2. gr. og móðurfélög stórra samstæðna ..skulu láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið skal enn fremur innihalda eftirfarandi:

- a. stutta lýsingu á viðskiptalikani félagsins,
- b. lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt þessari grein, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgir,
- c. yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins í málum samkvæmt þessari grein,
- d. lýsingu á megináhættum sem tengjast þessum málum í rekstri félagsins, þ.m.t., eftir því sem við á og í réttu hlutfalli, um viðskiptatengsl þess, vörur eða þjónustu, sem líkleg eru til að hafa skaðleg áhrif á þessum sviðum, og hvernig félagið tekst á við þá áhættu og
- e. ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi fyrirtæki.“

Ekki eru gerðar neinar kröfur í lögnum um frammistöðu fyrirtækja í þessum atriðum aðeins að hægt sé að leggja mat á hana.

Global Compact gerir kröfu um að skilað sé framvinduskýrslu fyrirtækja árlega þar sem sýnt er fram á hvað fyrirtæki séu að gera til þess að framfylgja viðmiðum sáttmálans. Skýrsla sem skila þarf til GRI er töluvert flóknari líkt og komið var inn á í kafla 2.1.3 en þar þarf að fylgja stöðluðum mælikvörðum. Skýrslurnar mega standa sér eða vera hluti af ársskýrslu. Vegagerðin hefur gefið út umhverfisskýrslu um árabíl og haldið utan um þýðingamikla umhverfisþætti og því reynsla til staðar hvað varðar mælingar sem munu nýtast við skýrslugerð.

Samfélagsskýrslur fyrirtækja og stofnanna hérlendis sem erlendis eru settar fram á mismunandi hátt eftir því hvort og þá hvaða matskerfum er verið að fylgja. Oftast er það aðeins framsetningin á sjálfbærnivísium GRI sem er stöðluð. Það er því í höndum Vegagerðarinnar að velja hvaða leið verði farin í framsetningu á samfélagsábyrgð hennar en ljóst miðað við ofangreinda lagasetningu að Vegagerðin þarf að undirbúa birtingu þessara atriða.

4.3.1 Tillaga að framsetningu á samfélagsábyrgð fyrir ársskýrslu Vegagerðarinnar.

Ekki er til nein ein rétt leið til þess að birta ófjárhagslegar upplýsingar fyrirtækja eða stofnana þó að mismunandi matskerfi gefi gjarnan út leiðbeiningar til þátttakanda sinna. Það getur verið mjög mismunandi eftir fyrirtækjum og stofnunum hvernig þetta er gert en algengast virðist þó vera að flétta þessa ófjárhagslegu atriði inn í ársskýrslu. Ísavia er gott dæmi um íslenskt fyrirtæki sem fléttaði skýrslu um samfélagsábyrgð inn í ársskýrslu sína fyrir árið 2016.⁷

Vegagerðin gefur í dag út umhverfisskýrslu árlega og birtir fylgiskjal um umhverfismál í ársskýrslu sinni. Slíkt væri jafnframt hægt að gera varðandi samfélagsábyrgð, það er að birta samantekt á stefnu og markmiðum stofnunarinnar í mismunandi þáttum samfélagsábyrgðar inn í ársskýrslu en gefa út með umhverfisskýrslu nánari útskýringar, mælingar og mælikvarða fyrir þessa þætti.

Lagt er til að ársskýrslu fylgi ítarlega fylgiskjöl um umhverfismál, mannréttindi, vinnuumhverfi, samfélag og ábyrgan rekstur eins og stofnunin telur eiga við fyrir sinn rekstur. Í þessum fylgiskjöllum yrði þá birt stefna, markmið og mælikvarðar fyrir mismunandi málaflokka.

⁶ <https://www.althingi.is/altext/145/s/1470.html>

⁷ <https://www.isavia.is/um-isavia/utgefid-efni/arsskyrslur/>

5. Niðurlag

Á síðustu árum hefur mikil vitundavakning átt sér stað á sviði samfélagsábyrgðar og algengt að hún sér orðin samþætt í starfsemi og stefnumótun hjá fyrirtækjum og stofnunum á alþjóðavettvangi. Töluverð vitundarvakning hefur einnig verið að eiga sér stað hérlendis og sífellt fleiri fyrirtæki og stofnanir sem setja sér stefnu um samfélagsábyrgð. Vegagerðin hefur lagt áherslu á umhverfis- og öryggismál undanfarin ár ásamt heiðarlegum vinnubrögðum en hefur ekki sett sér skýra stefnu eða markmið um samfélagsábyrgð.

Í skýrslunni er farið yfir mismunandi alþjóðaverkefni og viðmið á sviði samfélagsábyrgðar, s.s. ISO 26000, Global Compact sáttmálann og GRI, ásamt því að almenn frammistaða Vegagerðarinnar á sviði samfélagsábyrgðar er metin miðað við fyrirliggjandi gögn. Fram kemur að þegar mismunandi þættir samfélagsábyrgðar eru skoðaðir stendur Vegagerðarinnar sig hvað best í umhverfisábyrgð enda komin langt á leið við innleiðingu ISO 14001 staðalsins. Minni athygli hefur þá farið á mannauð stofnunarinnar og vinnuumhverfi miðað við niðurstöður verkefnisins þó að stefnumótun, mótun verklags o.fl. hafi farið fram. Þá hefur samfélagsþátttaka stofnunarinnar aðallega beinst að rannsóknnum og þekkingarmiðlun.

Þar sem samfélagsábyrgð er mun víðtækara verkefni en umhverfisstjórnun er lagt til að Vegagerðin skoði samfélagslegaábyrgð sína í auknum mæli. Lagt er til að Vegagerðin marki sér framtíðarsýn á sviði samfélagsábyrgðar, hvernig hún vill stuðla að henni, setji sér stefnu og skilgreini markmið og mælikvarða.

Til þess að Vegagerðin geti forgangsraðað verkefnum og greint nánar hvaða atriði skuli leggja mesta áherslu á er lagt til að gert sé áhættumat á rekstri Vegagerðarinnar með tilliti til samfélagsábyrgðar. Út frá áhættumatinu verði síðan skilgreind markmið og mælikvarðar. Hér er sett fram tillaga að stefnu og mælikvörðum sem gætu fallið að rekstri stofnunarinnar til að aðstoða hana við að hefja þessa vinnu.

Heimildaskrá

- [1] „Breytingar samþykktar á aðalfundi | Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð“ .
- [2] S. Ólafsson 1954, B. Davíðsdóttir 1968, og L. Jóhannsdóttir 1961, „Samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja“, mar. 2016.
- [3] International Organization for Standardization:, „International Organization for Standardization: About ISO“, *International Organization for Standardization: [Rafrænt]*. Aðgengilegt á: <https://www.iso.org/about-us.html>. [Sótt: 01-ágú-2017].
- [4] International Organization for Standardization:, „Management system standards“, *International Organization for Standardization: [Rafrænt]*. Aðgengilegt á: <https://www.iso.org/management-system-standards.html>. [Sótt: 01-ágú-2017].
- [5] International Organization for Standardization, „ISO 14001 Key benefits“. International Organization for Standardizations, 2015.
- [6] International Organization for Standardization, „ISO26000:2010 Guidance on social responsibility“. International Organization for Standardizations, 2010.
- [7] „Samfélagsábyrgð“. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <http://www.sa.is/samkeppnishafni/samfelagsabyrgd>. [Sótt: 09-ágú-2017].
- [8] „Communication on Progress | UN Global Compact“. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <https://www.unglobalcompact.org/participation/report/cop>. [Sótt: 13-ágú-2017].
- [9] „About GRI“. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <https://www.globalreporting.org/information/about-gri/Pages/default.aspx>. [Sótt: 10-ágú-2017].
- [10] H. Júlíusdóttir 1976, „United Nations Global Compact. Innleiðing samfélagslegrar ábyrgðar hjá íslenskum aðildarfyrirtækjum.“, Thesis, 2017.
- [11] Global Reporting Initiative, „GRI Pricing Policy“. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <https://www.globalreporting.org/SiteCollectionDocuments/2015/RS-Pricing-Policy.pdf>. [Sótt: 13-ágú-2017].
- [12] Stefán Gíslason, Ritstj., „Eflings græns hagkerfis á Íslandi“. Alþingi, 2011.
- [13] „Klimat och miljö | Nordiskt vägforum NVF“. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <http://www.nvfnorden.org/?pageid=70fd290b-7f47-11e6-b86e-0050569d0011>. [Sótt: 30-ágú-2017].
- [14] „Smart and sustainable transport in Finland - Finnish Transport Agency“. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <http://www.liikennevirasto.fi/en/web/sustainability-report-2016/report/1-chapter-11>. [Sótt: 30-ágú-2017].
- [15] „Serving society“, *Statens vegvesen*. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <https://www.vegvesen.no/en/the+npra/About+the+Npra/Serving+society>. [Sótt: 30-ágú-2017].
- [16] Trafikverket, „Trafikverket“, *Trafikverket*. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <http://www.trafikverket.se/en/startpage/about-us/Trafikverket/>. [Sótt: 30-ágú-2017].
- [17] „Siðareglur“, *Vegagerðin*. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/markmid-og-stefnur/sidareglur/>. [Sótt: 04-sep-2017].
- [18] „Rannsóknir og þróun“, *Vegagerðin*. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: <http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/rannsoknir-og-throun/>. [Sótt: 05-okt-2017].
- [19] Isavia, „Árs- og samfélagskýrsla Isavia 2016“, *Árs- og samfélagskýrsla Isavia 2016*, 23-mar-2017. [Rafrænt]. Aðgengilegt á: https://issuu.com/hvitahusid/docs/isavia_-_ars-_og_samfelagsskyrsla_2. [Sótt: 05-des-2017].

Viðauki A

Verkefnisstofninn innleiðing umhverfisstjórnunar skv. umhverfisstjórnunarstöðlum ISO14001 og grænna skrefa í ríkisrekstri																						
	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Kafla ISO14001:2004
Staða sameingar framkvæmdahluta Vegagerðar og Sjálfstjófnunar	Gamla Vegagerðin																Nýja Vegagerðin					
Ákvörðun yfirlitstjórnar um innleiðingu skv. ISO14001																						
Ákvörðun yfirlitstjórnar um græn skref í ríkisrekstri																						
Almennar kröfur: Vegagerðin hefur komið upp, skjalfest, innleitt, viðhaldið og bætt stöðugt umhverfisstjórnunarkerfi sitt í samræmi við kröfur ISO14001.																					4.1	
Umhverfisstefna	1. útg.			2. útg.						3. útg.			4. útg.					4.2				
Umhverfisstefnan hefur verið kynnt starfsmönnum, verkstæðum og öðrum þjónustuaðilum og almenningi á vef, í umhverfisskýrslu, í Framkvæmdafrættum, í U&G-handbókum.																						
Þýðingarmikil umhverfisþættir: Við höfum greint umhverfisþættina í starfsemi okkar og metið þá þýðingarmestu. Við höfum tekið mið af bæði beinum og óbeinum umhverfisáhrifum. Við byggjum umhverfisstjórnunarkerfi stofnunarinnar á þýðingarmestu umhverfisþáttunum og yfirforum að lágmarki þrjú hvern ár.																					4.3.1	
Flokkun úrgangs, pappír																						
Flokkun úrgangs, annað																						
Efnastöð, öryggisbúð og áhættumat hættulegra efna																	í vinnslu e. sameiningu				4.3.1	
Lagakröfur: Við greinum viðsegjandi lagakröfur á sviði umhverfismála sem snúa að starfsemi. Við yfirforum þær hvert ár. Við uppbyggingu umhverfisstjórnunarkerfisins tökum við mið af lagakröfum.																					4.3.2	
Við erum með árliga framkvæmdáætlun til að ná settum markmiðum. Framkvæmdáætlunin inniheldur ábyrgðarskiptingu til að ná umhverfismarkmiðum, einnig eru verklag, tímaáætlun og kostnaðar skilgreind (reklarárætlun) til að ná umhverfismarkmiðum.																	í vinnslu e. sameiningu				4.3.3	
Við höfum sett okkur umhverfismarkmið fyrir starfsemi. Markmiðin eru mælanleg þar sem mögulegt er.																	í bið vegna sameiningar				4.3.3 og 4.5.1	
Við höfum gert grein fyrir umfangi umhverfisstjórnunarkerfis og ábyrgðar á því skriflega með verklagsreglu um stjórnun umhverfismála og með gátistum grænna skrefa.																						
Við upplýsum og fræðum stöðugt starfsmenn okkar til að gera þá meðvitandi og hæfari í að draga úr umhverfisáhrifum í störfum sínum. Umhverfisdagur, tiltektardagar, erindi á svæðisfundum, U&G-handbækur, Umhverfisskýrsla, Innanhus, heilræði grænna skrefa.																						
a) Verklag um innri samskipti milli deilda með hliðsjón af umhverfisþáttum og -stjórnun																					4.4.3	
b) Verklag um viðbrögð við upplýsingum frá utanaðkomandi hagsmunaaðilum																	í vinnslu e. sameiningu				4.4.3	
Við kynnum grænt bókhald okkar og aðgerðir opinberlega og innan stofnunarinnar árliga:	Innan stofnunar																				4.4.3	
Við erum með skjalfestar verklagsreglur sem tryggja að:																						
a) lagakröfum á sviði umhverfismála sé hlýtt																						
b) dregið sé úr umhverfisáhrifum þýðingarmikilla umhverfisþátta																						
c) umhverfisstefnu og umhverfismarkmiðum sé fylgt eftir																						
Skjalfesting: Umhverfisstefna, verklag, fundargerðir, verkfundagerðir, úttektarskýrslur o.s.f.																						
Styrking skjala vegna umhverfisstefnu, markmiða, lýsingar á umfangi, nauðsynlegra skráa og skjala.																						
Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi í umhverfismálum vegna vinnu starfsmanna																					4.4.6	
Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi í umhverfismálum á vinnusvæði verkstæða. Umhverfiskröfur í útboðsýslingum.																					4.4.6	
Trygga þarf að kvarðaður og sannprófaður vöktunar- og mælubúnaður sé notaður við mælingu umhverfisþátta.																	Á ekki við				4.4.6	
Vöktun þýðingarmikilla umhverfisþátta: Við mælum þýðingarmikilla umhverfisþátta okkar árliga og birtum í grænu bókhaldi.																					4.5.1	
Grænt bókhald vistvænna innkaupa. Höfst 2011.																						
Við tökum árliga saman árangur umhverfisstarfsins og miðlum innanhus og út á við.																	Umhverfisskýrsla				4.5.1	
Eftirfylgni markmiða og framkvæmdáætlunar: Við höfum metið stöðuna í græna bókhaldi, metið árangur og skoðað tækifæri til úrbóta. Við fylgjum eftir og yfirforum markmið og framkvæmdáætlun okkar árliga.																					4.5.3	
Mat á eftirfylgni við lagakröfur: Við yfirforum reglulega, hvort fylgt sé eftir lagakröfum á sviði umhverfismála.																					4.5.2	
Við framkvæmum reglulega, að lágmarki einu sinni á ári, innri úttektir sem tryggja að stofnunin vinni eftir:																	Fræðsluúttektir á þjónustu stöðvum og verkstæðum				4.5.5	
a) viðeigandi lagakröfum á sviði umhverfismála																	Gátlisti er til				4.5.5	
b) öðrum stjórnunarskjölum varðandi umhverfisstjórnunarkerfið og umhverfisstarfið.																	Gátlisti er til				4.5.5	
Flokkun spilliefna																						
Við yfirforum reglulega, að lágmarki einu sinni á ári, umhverfisstjórnunarkerfi okkar. Tilgangur er að:																					4.6	
a) upplýsa um þróun umhverfisstarfsins, t.d. hvort markmið hafi staðist, hvort lagakröfum á sviði umhverfismála sé fylgt eftir og niðurstöður innri úttekta.																	Vantar innri úttektir.				4.4.3	
b) safna upplýsingum sem geta nýtt við ákvarðanatöku og frekari stefnumótun, t.d. um frekari umhverfismarkmið og áherslur. Umhverfisskýrsla.																						

Mynd 4. Staða innleiðingar umhverfisstjórnunar hjá Vegagerðinni skv. ISO 14001:2004 vorið 2017